

# Lög klúbbsins

## I. Heiti félagsins og tilgangur

### 1. gr.

Nafn félagsins er Stuðningsmannaklúbbur Manchester United á Íslandi. Varnarþing þess er í Reykjavík.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að stuðla að auknum stuðningi við Manchester United, s.s. með útgáfu félagsblaðs, rekstri heimasíðu á internetinu og að gera félagsmönnum kleift að sjá sem flesta leiki með Manchester United.

## II. Félagsgjöld

### 3. gr.

Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi félagsins, þá sem ákveðin krónutala, eða með því að veita stjórn félagsins til þess að hafa félagsgjöldin að ákveðnu hámarki og ákveðnu lágmarki. Stjórnarmenn eru á fríu árgjaldi, einnig er stjórn heimilt að veita frítt árgjald starfsmönnum klúbbsins.

### 4. gr.

Félagsskírteini skal gefa út til eins árs í senn og gildir það frá 1. júlí til 30. júní ár hvert. Félagsskírteini má ekki afhenda nema gegn greiðslu félagsgjalda.

### 5. gr.

Útlit félagsskírteins skal ákveða af stjórn félagsins, en greinilegur munur þarf að vera á félagsskírteinum milli ára.

Á félagsskírteininu skal koma fram nafn félagsins, fyrir hvaða tímabil það gildir og númer félagsmanns.

### 6. gr.

Félagismaður á rétt til að halda félagsskírteini sínu, en ef hann endurnýjar ekki félagsskírteinið fyrir 1. október hvers árs hefur stjórn félagsins heimild til að ráðstafa félagsnúmerinu.

## III. Stjórnskipulag

### 7. gr.

Með stjórn félagsins fara: a) Almennir félagsfundir b) Stjórn félagsins.

## **IV. Félagsfundir**

### **8. gr.**

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins innan þeirra marka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra félagsfunda.

Félagsmönnum sem greitt hafa félagsgjöld sín a.m.k. 60 dögum fyrir fund er heimilt að sækja félagsfundi og taka þar til máls. Félagsmaður getur látið umboðsmann sækja félagsfund fyrir sína hönd og skal þá umboðsmaður leggja fram skriflegt, dagsett umboð, vottað af tveimur vitundarvottum. Í umboði þarf að tilgreina hvaða félagsfundur það er, sem umboðið tekur til. Ekki er heimilt að veita umboð sem tekur til fleiri félagsfunda en eins í senn. Umboði skal framvísa til fundarstjóra í upphafi fundar og sker hann úr um lögmæti þess. Umboðsmaður getur ekki farið með umboð fyrir fleiri en þrjá félagsmenn auk hans sjálfs.

### **9. gr.**

Aðalfundur skal boðaður með tilkynningu á heimasíðu og/eða auglýsingu í dagblaði/fréttabréfi með minnst 10 og mest 14 daga fyrirvara. Aðalfundur skal halda í maí/júní ár hvert.

Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

### **10. gr.**

Stjórn félagsins boðar til aukafundar þegar hún telur þess þörf, svo ef minnst 20 félagsmenn krefjast þess skriflega og greina frá fundarefni. Stjórn tilkynnir fundarefni með fundarboðinu. Slíkir aukafundir sem og aðrir félagsfundir skulu boðaðir með a.m.k. 10 daga fyrirvara. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram kominn, skal stjórninni skylt að boða til fundar í síðasta lagi innan 15 daga frá er henni barst krafan.

### **11.gr.**

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin til afgreiðslu:

1. Kosning fundarstjóra og ritara fyrir fundinn.
2. Skýrsla stjórnar
3. Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins
4. Umræður um skýrslu og reikninga
5. Lagabreytingar
6. Kosning formanns til tveggja ára
7. Kosning 2 stjórnarmanna til tveggja ára
8. Kosning endurskoðanda til eins árs
9. Önnur mál

### **12. gr.**

Formaður félagsstjórnar skal setja félagsfundi og skipa fundarstjóra. Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara sem heldur fundargerðarbók. Í fundargerðarbók skal skrá ákvarðanir fundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá um viðstadda félagsmenn skal færð í fundargerðarbók eða fylgja henni. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðarbókina.

### **13. gr.**

Á félagsfundum ræður einfaldi meirihluti atkvæða úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum félagsins eða landslögum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og á móti telst hún fallin.

Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði skal kosið aftur á milli þeirra.

Sé ekki hægt að fá meirihluta úrslit skal hlutkesti ráða.

Á félagsfundum fylgir eitt atkvæði hverju félagsskírteini í félaginu.

## **V. Stjórn félagsins**

### **14. gr.**

Aðalfundur kýs formann og 2 menn af 4 annað hvert ár í stjórn félagsins. Hæfisskilyrði þeirra skulu vera þau sömu og gilda um hæfi til stjórnarsetu í hlutafélögum samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög. Auk þess er það skilyrði að sá sem býður sig fram hafi verið félagsmaður í a.m.k. tvö ár, þ.e. árið sem hann býður sig fram og árið á undan, og sé í skilum með félagsgjöld. Framboð til formanns- og stjórnarkjörs á aðalfundi skulu berast stjórn klúbbsins minnst viku fyrir aðalfund.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að mættur sé meirihluti stjórnarmanna.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

### **15. gr.**

Stjórnin fer með æsta vald í málefnum félagsins milli félagsfunda. Meginskyldustörf hennar eru:

1. Að sjá til að félagið hafi aðgang að samkomustað til að sjá þá leiki sem unnt er með Manchester United.
2. Að sjá um skráningu félgsmanna, innheimtu félagsgjalda og gera félagsmönnum kleift að heimsækja Old Trafford.
3. Að koma fram fyrir hönd félagsins.
4. Að gefa út dreifirit eða halda heimasíðu til félagsmanna um málefni félagsins
5. Að ráða fram úr öðrum málum, sem hún telur nauðsynlegt að fjalla um.

### **16. gr.**

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin fundargerðabók sem undirrituð skal af þeim sem fundi sitja. Stjórnarmaður sem ekki er sammála ákvörðun stjórnar á rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerðabókina.

## **VI. Reikingar og endurskoðun**

### **17. gr.**

Reikningsár félagsins er 1. júní til 31. maí ár hvert. Ársreikning skal semja fyrir hvert félagsár og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn félagsins. Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar

en viku fyrir aðalfund.

**18. gr.**

Á aðalfundi skal kjósa skoðunarmann til eins árs í senn. Skoðunarmaður skal endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Þeir skulu gera endurskoðunarskýrslu sem leggja skal fyrir aðalfund. Skoðunarmaður hefur rétt til að sitja hluthafafundi félagsins.

**VII. Breytingar á samþykktum félagsins**

**19. gr.**

Ákvörðun um breytingu samþykpta félagsins skal tekin á löglega boðuðum aðalfundi enda hafi tillagna verið getið í fundarboði. Breyting verður þó því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 75% greiddra atkvæða á fundinum.

**VIII. Slit á félaginu**

**20. gr.**

Sé félaginu slitið skal gefa eignir þess til góðgerðasamtaka

Samþykkt í Reykjavík 30. maí 2019,